

Fundargerð

Ársfundur Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. var haldinn fimmtudaginn 20. maí 2021 kl. 10:30 í Heimakletti á 2.hæð í húsnæði ÞSV að Ægisgötu 2, Vm. Til fundarins var boðað með tölvupósti með rúmlega tveggja vikna fyrirvara og ítrekun í tölvupósti til stofnaðila þann 19.05. 2021. Fundurinn var einnig í fjarfundi þar sem nokkrir fundarmenn áttu ekki kost á því að mæta. Mættir á fundinn voru fulltrúar frá 14 stofnaðilum ÞSV auk annarra fundargesta.

Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar ÞSV setti fundinn og bauð hann fundarfólk velkomið. Lagði hann til að Ólafur Elísson yrði kjörinn fundarstjóri og að Hörður Baldvinsson frkvstj. tæki að sér fundarritun, var það einróma samþykkt. Að því loknu tók fundarstjóri við fundinum og fór yfir boðun hans og dagskrá ársfundar.

Fundarstjóri lýsti ársfundinn löglegan og að boðað hafi verið til hans með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara eins og samþykktir ÞSV kveða á um.

Því næst var gengið til dagskrár.

1. mál Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra ÞSV

Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar fór yfir starfsemi stjórnar og félagsins. Fram kom í máli Arnars að árið 2020 hafi verið viðburðaríkt í starfsemi Þekkingarseturs Vm. og það markaðist ekki eingöngu vegna áhrifa Covid 19 heimsfaraldursins sem hafði þó sannarlega umtalsverð áhrif á starfsemina líkt og á allt samfélagið.

Þegar haldinn var ársfundur ÞSV þann 29. maí 2020 var nýr, stærri og öflugri rannsóknabátur í eigu ÞSV nýlega kominn í fyrsta skipti til Vestmannaeyja. Hafði bátnum verið gefið nafnið Friðrik Jesson og er VE 177 eins og forveri hans. Þá hafði Páll Marvin Jónsson, frkvstj. nýlega fengið launalaust leyfi frá störfum í 10 mánuði þ.e. frá 1. júní 2020 til 31. mars 2021.

Hvort tveggja voru mikil tíðindi. Páll Marvin hafði verið framkvæmdastjóri ÞSV frá stofnun í janúar 2008 og hafði áður verið forstöðumaður Rannsókn- og fræðaseturs Vestmannaeyja og hjá Háskóla Íslands í Eyjum frá ársbyrjun 1995.

Kaup og fjármögnun á nýjum Friðrik Jessyni VE að fjárhæð 26 millj. kr. var nokkuð stór biti fyrir rekstur ÞSV. Í febrúar 2020 hafði verið óskað eftir stuðningi sjávarútvegs- og nýsköpunaráðherra við að fjármagna kaupin að hluta. Þegar báturinn kom til Eyja var gert samkomulag við Vestmannaeyjahöfn um styrk og ákveðinn afnotarétt af bátnum til 10 ára og er samningsupphæð 8 millj. kr. í heild. Einnig var eldri rannsóknabátur ÞSV seldur árið 2020 og var söluverð 5 millj. kr. og eldri slöngubátur ÞSV var seldur á 2 millj. kr. um sama leiti. Alþingi samþykkti í desember 2020 að veita 10 millj. kr. stuðning á fjárlögum 2021 við endurnýjum á rannsóknabát ÞSV. Samtals gerir fyrrgreind fjármögnun 25 millj. kr. sem kláraði kaupverðið. Við uppgjör á reikningsárinu 2020 tókst að ljúka þessum viðskiptum, en seinni útborgun var í janúar 2021 og þá gefið út afsal til ÞSV.

Þegar fyrir lá að Páll Marvin þáverandi framkvæmdastjóri var á leið í leyfi varð að ráði að framkvæmdaráð ÞSV sem var skipað formanni og varaform. fékk umboð til að gera ráðstafanir til að ráða tímabundið í starf verkefnastjóra frá 15. ágúst 2020. Niðurstaðan varð að

Vestmannaeyjabær samþykkti að lána Hörð Baldvinsson safnstjóra Sagnheima tímabundið í 50% starf verkefnastjóra ÞSV frá 15. ágúst 2020 til 31. mars 2021. Uppgjöri á þessum viðskiptum og ráðgjafavinnu sem ÞSV lagði út fyrir í samstarfi við Vm.bæ er lokið. Framkvæmdaráð ÞSV tók yfir verkefni framkvæmdastjóra að hluta allt frá 1. júní 2020 til 31. mars sl.

Í lok janúar 2021 tilkynnti Páll Marvin að hann hygðist ekki koma til starfa á ný hjá ÞSV. Stjórn ÞSV fundaði um ráðningu á nýjum framkvæmdastjóra á fundum 2. og 12. febrúar sl. Stjórnin réð Hörð Baldvinsson safnstjóra sem framkvæmdastjóra ÞSV og tók hann til starfa 1. apríl sl. eftir að gengið hafði verið frá ráðningarsamningi. Stjórnin og framkvæmdaráð höfðu þá starfað með Herði frá byrjun ágúst sl. og var fljótlega ljóst að þar fór maður sem hefur að bera marga góða kosti sem nýtast mjög vel í störfum framkvæmdastjóra ÞSV.

Páli Marvin Jónssyni fyrrv. frkvstj. var jafnframt þökkuð mjög góð störf í þágu ÞSV og forvera þess í Eyjum allt frá 1995 eða í samtals 25 ár og óskað alls velfarnaðar á nýjum slóðum.

Þekkingarsetur Vm. og Vestmannaeyjabær hafa átt í víðtæku samstarfi á starfsárinu meðal annars um hugsanlega nýtingu 3ju hæðar Ægisgötu 2 og um úttekt á stöðu nýsköpunar- og frumkvöðlastarfs í Eyjum. Samið var við dr. Hólmfríði Sveinsdóttur frumkvöðul og Svein Margeirsson ráðgjafa um þessa vinnu ásamt því að unnin var sameiginleg styrkumsókn Vm.bæjar, ÞSV, Mývatnssveitar, Þingeyjasveitar og fyrirtækja og stofnana innanbæjar og utan til Markáætlunar Rannís. Þrátt fyrir að styrkur hafi ekki fengist að þessu sinni hefur verið unnið áfram með málið á heimavelli undir stjórn Hólmfríðar Sveinsdóttur og það tengt nýsköpun og frumkvöðlastarfi og hefur 3ja hæðin að Ægisgötu 2 komið sterkt inn í myndina.

Á vegum ÞSV hefur verið unnið að tveimur forverkefnum 2020-2021.

Annars vegar fýsileikakönnun vegna vindtúrbínu í Eyjum. Fenginn var bandarískur háskólanemi við Háskóla Íslands til að vinna að verkefninu og fékkst til þess 0,5 millj. kr. styrkur. Þessari fýsileikakönnun er nú lokið, en ekki ákveðið hvort framhald verði á verkefninu.

Þá hefur Hrafn Sævaldsson, starfsmaður ÞSV stýrt vinnu við forverkefnið Úthafs fiskeldi við Vestmannaeyjar en það fékk 10 millj. kr. styrkloforð frá Uppbyggingasjóði SASS og gert ráð fyrir verklokum síðar á þessu ári. Í lok janúar 2021 var skilað áfangaskýrslu og var þá áætlað að 30% af verkinu væri lokið. 3ja manna verkefnastjórn kemur að undirbúningi og eru í henni með Hrafn þeir Róbert Guðfinnsson frumkvöðull á Siglufirði og Tómas Már Sigurðsson forstjóri HS orku. Stærsti hluti verksins hefur verið fólgin í ýmisskonar gagnaöflun frá ýmsum opinberum aðilum er varða veðurfar og strauma við Suðurströndina og Vestmannaeyjar. Þá hefur verið aflað upplýsinga um þróun tækni og búnaðar við úthafseldi. Áætlað er að þessu viðamikla forverkefni ljúki með skýrslu síðar á árinu 2021.

Vinna við mótun nýrrar atvinnustefnu fyrir Vestmannaeyjabæ sem verkakaupa er langt komin en verkefnið tafðist nokkuð á sl. ári m.a. vegna áhrifa Covid19 og nýrra verkefna fyrir SASS sem komu upp og þurfti að bregðast við. Reiknað er með því að ákveðin kaflaskil verði í lok júní nk., en þá lætur Hrafn, að eigin ósk, af störfum hjá ÞSV. Þrátt fyrir að sá tími er ekki kominn, vil ég nota tækifærið að þakka Hrafn fyrir góð störf fyrir ÞSV á liðnum árum og óska honum velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Ester Garðarsdóttir sem gegnt hafði starfi bókara og við þjónustustjórn í liðlega áratug hjá ÞSV sagði upp störfum í lok mars sl. Hefur hún látið af störfum og er henni þökkúð gott starf á liðnum árum og óskað velfarnaðar í nýju starfi.

ÞSV hefur auglýst eftir bókara og þjónustustjóra í 70% starf með umsóknarfresti til 24. maí nk. og verkefnastjóra hjá ÞSV í fullt starf, mestmegnis vegna verkefna skv. samningi fyrir SASS Samtök sunnlenskra sveitarfélaga með umsóknarfresti til 30. maí nk. í fjölmiðlum innanbæjar og utan.

Á fundi stjórnar ÞSV 2. febrúar sl. gerði formaður stjórnar grein fyrir viðræðum við fulltrúa Nýsköpunarráðuneytis, Menntamálaráðuneytis, Vestmannaeyjabæjar, Framhaldsskólans í Vm. um fyrirsjáanlegar breytingar á rekstri Fab-Lab Vm. sem verið hafði til húsa í FÍV undanfarin ár. Fyrir lá að Fab-Lab Vm. var flutt úr húsnæði FÍV til bráðabirgða í annað húsnæði.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem hafði annast rekstur Fab-Lab Vm. og Fab-Lab Ísland var að hætta starfsemi og verkefni NMÍ munu dreifast á marga aðila víða um land. Þessar viðræður héldu áfram í febrúar og fram í mars milli þessara aðila þó einkum ráðuneyta Menntamála-Nýsköpunar, Vm.bæjar og ÞSV. Þær leiddu til þeirrar niðurstöðu að gerður var samningur til þriggja ára um að ÞSV taki að sér rekstur Fab-Lab Vm. og umsýslu með Fab-Lab-Ísland frá 1. apríl 2021. Um sama leiti var gerður samningur milli ÞSV og NMÍ um yfirtöku verkefna. Starfsemin Fab-Lab verður í 150 ferm. rými 3ju hæð Ægisgötu 2 í húsnæði sem Vm. er eigandi að og nú er verið að innrétta. Reikna er með að hægt verði að hefja þar starfsemi Fab-Lab í nýja húsnæðinu á 3ju hæð 1. september nk.

Hörður Baldvinsson frvstj. mun koma betur inn á þessi mál hér á eftir. Vestmannaeyjabær mun leggja húsnæðið til sem sitt framlag ásamt rekstrarkostnaði þess. Fjárveitingar munu koma frá fyrrgreindum ráðuneytum og kemur það fram í rekstraráætlun ÞSV 2021 sem kynnt verður síðar á fundinum.

Frosti Gíslason sem verið hefur verkefnastjóri í Fab-Lab Vm. og Ísland var ráðinn verkefnastjóri hjá ÞSV frá 1. apríl sl. og gengið frá ráðningarsamningi.

ÞSV hefur komið að eftirliti með framkvæmdum á 3ju hæð í samstarfið við Vestmannaeyjabæ. Jafnframt hefur legið fyrir vilji að ÞSV annist þjónustu við þá starfsemi sem þar mun fara fram. Þær framkvæmdir sem nú er að á hæðinni ná yfir um 400 fermetra af 1040 fermetrum. Af þessu rými er 150 ferm. sem Fab-Lab hefur til afnota og við hlið þess 60 ferm. fjölnota rými. Þá verður einnig opið rými sem hægt að vera með salerni, fundarstofu og 3-4 skrifstofur með fleiri starfsstöðvum. Í framhaldi af samtölum við bæjaryfirvöld fyrr í þessum mánuði sendi ÞSV erindi til bæjaráðs sl. mánudag þar sem óskað er eftir viðræðum um að koma frekar að því verkefni sem nú er unnið að. Þess er vænst að þessi mál skýrist fljótlega en núverandi framkvæmdir mótast eðlilega af þeim fjárveitingum sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun Vestmannaeyjabæjar 2021. Þess má geta að gerð hefur verið könnun á hugsanlegri útleigu á viðbótarrými á 3ju hæð komi til þess að farið verði í þær framkvæmdir síðar á árinu en leiguverð á fermetur í sérrými myndi verða það sama og á 2. hæð hússins.

Að endingu þakkaði Arnar stjórn og starfsfólki ÞSV fyrir samstarfið á liðnu starfsári.

Hörður Baldvinsson, frkvstj. fór yfir starfsemi ÞSV og tók fyrir ákveðin verkefni. Hörður fjallaði um ráðningu Frosta Gíslasonar, verkefnastjóra og um þau mörgu tækifæri sem gætu falist í því að fá starfsemi FAB-LAB hér inn í húsið og væri hann viss um að þau fyrirtæki sem eru hér fyrir á hæðinni ættu eftir að nýta sér þá aðstöðu sem skapaðist með tilkomu FAB-LAB.

Hörður fór í stuttu máli yfir þau verkefni sem höfðu klárast á árinu sem fengnir höfðu verið styrkir í. Fjórir styrkir fengust í pýsjueftirlitið en samtals fengust 5,9 millj. í verkefnin fjögur, en stærsti styrkurinn var veittur í gerð pýsju sleppisvæðis við Ofanleitishamarinn í samstarfi við Vestmannaeyjabæ sem Framkvæmdasjóður ferðamanna veitti að upphæð 4,0 millj.

ÞSV fékk einnig styrk til að gera fýsileikakönnun á beislun vindorkunar með nýrri gerð af vindmyllum eða svokölluðum Vertical-axis turbines sem þola betur það veðurlag sem er hér í eyjum auk þess að sjónmengum af þeim er mun minni. Í þessari könnun sem gerð var í samstarfi við HS orku kom í ljós að ekki er hagkvæmt með þeirri tækni sem til er að setja upp túrbínur af þessari gerð eins og staðan er í dag, þrátt fyrir það að hér sé nægur vindur.

ÞSV tók einnig þátt í verkefni ásamt Veðurstofu Íslands og Lagrangian Drifter Laboratory sem fólst í að koma fyrir tækjabúnaði í sjóinn hér suður af Heimaey sem hægt er að fylgjast með í gegnum GPS tæknina og mælir tækjabúnaðurinn t.d. ölduhæð, hitastig, strauma og ýmislegt annað sem á að auka þekkingu okkar á sjólagi hér við Vestmannaeyjar.

Hörður fjallaði einnig um framkvæmdir sem eru í gangi á þriðju hæð og fór hann aðeins í gegnum verkstöðuna og sagðist vonast til að framkvæmdum yrði lokið fyrir næsta skólaár, því mikilvægt væri að geta hafið kennslu strax á nýju skólaári.

Að lokum fór Hörður yfir stöðuna varðandi útleigu bátana á komandi sumri ásamt því að greina frá þjónustusamningi við Beluga og hvað í honum felst. Þakkaði hann stjórn og framkvæmdaráði fyrir gott samstarf á árinu og þá sérstaklega starfsfólki ÞSV og samstarfsfólki hjá öðrum fyrirtækjum og stofnunum á hæðinni.

Fundarstjóri leitaði eftir spurningum og bauð síðan upp á umræður um skýrslurnar að aflokinni yfirferð ársreiknings.

2. mál Ársreikningar ÞSV 2020

Hafsteinn Gunnarsson endurskoðandi hjá Deloitte fór yfir ársreikning ÞSV 2020. Rekstrartekjur námu 105,9 millj á ári á móti 114,7 millj kr. 2019. Helstu ástæður eru þær að bæði voru Sagnheimar og Sæheimar undir ÞSV á þessum tíma sem skýrir minni tekjur. Fjármunatekjur nettó námu 0,4 millj. **Heildartekjur 106,4 millj. kr. Rekstrargjöld 100,4 millj. og afskriftir 4,9 millj., heildargjöld 105,3 millj.kr. Niðurstaða ársins var hagnaður 1,2 millj.kr. en var rekstrartap að fjárhæð 1.7 millj. kr. árið 2019**

Niðurstaða efnahagsreiknings 31. des. 2020 var kr. 80.587.664 þar af bókfært eigið fé 59.915.035. Að lokinni góðri yfirferð á ársreikningi hjá Hafsteini óskaði fundarstjóri eftir spurningum úr sal. Fyrirspurn kom frá Írisi Róbertsdóttur bæjarstjóra þar sem hún óskaði eftir skýringum á skrifstofu og stjórnunarkostnaði sem hefur hækkað mikið milli ára að hennar mati, ásamt verulegri hækkun á kaffiskostnaði. Formaður stjórnar Arnar Sigurmundsson varð fyrir svörum. Tekjur af kaffistofu ÞSV komi fram í heildartekjum þannig að nettó útgjöld væri

eingöngu vegna starfsfólks ÞSV og eru skv. fjárhagsáætlun 2020. Stjórnunarskostnaður ÞSV 2020 er allur færður á einn stað í stað útskiptingar á fleiri liði, þar sem Sagnheimar og Sæheimar væru ekki lengur hluti af starfsemi ÞSV. Hvorttveggja komi betur fram þegar farið verður yfir rekstraráætlun ÞSV 2021. Uppgjör við starfsfólk ÞSV sem látið hefur af störfum helgast eingöngu af uppgjöri á óteknu orlofi og ekki greitt aukalega vegna starfsloka.

Að loknum umræðum var ársreikningurinn borinn undir atkvæði og samþykktur einróma.

3. mál. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Ein breyting verður á stjórn frá síðasta aðalfundi en Sigurður Guðjónsson, sagði sig úr stjórn, þar sem hann hefur skipt um starfsvettvang. Sigurði voru þökkuð góð störf í þágu ÞSV á liðnum árum.

Borin var upp tillaga að stjórn og varastjórn ÞSV starfsárið 2021-2022 og voru þær tillögur samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Arnar Sigurmundsson, frkvst. og form. Visku

Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor á umhverfis- og auðlindasviði HÍ

Ívar Atlason, svæðisstjóri HS- veitna

Njáll Ragnarsson, útibússtjóri Fiskistofu

Páll Guðmundsson, frkvst.

Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar

Sæunn Stefánsdóttir, forstöðum. Fræðasetra Háskóla Ísl.

Í varastjórn voru endurkjörin:

Örvar Guðni Arnarson, fjármálastjóri Ísfélags Vm hf og Guðný Óskarsdóttir, varaform Drifanda stéttarfélags.

Deloitte - endurskoðun var endurkjörin sem endurskoðandi ÞSV

4. mál Þóknun til stjórnar og endurskoðanda

Aðalmenn, föst þóknun kr 150 þús. kr. á mann fyrir liðið starfsár og 20 þús. kr. fyrir setinn stjórnarfund. Form. stjórnar fær tvöfalda þóknun og varaform. 50% álag. Varamenn 20 þús. kr. fyrir setinn fund.

Haldnir voru sex stjórnarfundir frá ársfundi ÞSV 29. maí 2020.

Framkvæmdaráð ÞSV tók yfir hluta starfs Páls Marvins þáv. frkvstj. ÞSV í launalausum leyfi hans frá 1. júní 2020 til 31. mars 2021.

Lagt er til að þóknun til hvers fulltrúa í framkvæmdaráði verði samtals 400 þús. kr. í heild fyrir umrætt 10 mánaða tímabil. Fyrir utan dagleg störf voru haldnir 20 bókaðir fundir framkvæmdaráðs á tímabilinu sem er innifalið í þóknun skv. ofangreindri tillögu.

Greinargerð: Þóknun til stjórnarmanna í ÞSV hefur verið óbreytt frá 2015, en greiðslur ráðast að nokkru af fjölda stjórnarfunda. Nú er lagt til að þóknun hækki úr 100 þús. í 150 þús. á mann kr. fyrir liðið starfsár, en fyrir þátttöku í stjórnarfundum verði óbreytt.

Allt frá stofnun ÞSV 2008 hefur ekki verið greidd þóknun fyrir setu í 3ja manna framkvæmdaráði. Verkefnastjóri ÞSV sem var í 50% starfi tók fullan þátt í störfum ráðsins frá 15. ágúst 2020. Þann 1. apríl 2021 var Hörður Baldvinsson ráðinn frkvstj. ÞSV og fellur þóknun til framkvæmdaráðs niður frá sama tíma.

Tillaga um þóknun til stjórnar og framkvæmdaráðs var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Samþykkt einróma að þóknun til Deloitte - endurskoðunar ÞSV verði skv. reikningi.

5 .mál. Engar tillögur um breytingar á samþykktum ÞSV liggja fyrir – en nokkrar breytingar voru samþykktar á ársfundi 29. maí.

6 mál. Aðalfundurinn samþykkti að hagnaður ársins 2020 verði færður yfir á næsta ár.

7. mál Rekstraráætlun ÞSV 2021

Arnar Sigurmundsson form. gerði grein fyrir rekstrarsáætlun 2021 sem hafði verið samþykkt af stjórn í febrúar síðastliðnum en var breytt á stjórnafundi 4. maí 2021 vegna þess að FAB-LAB verkefnið kom inn eftir að búið var að samþykja fjárhagsáætlunina í febrúar síðastliðnum. Heildartekjur eru áætlaðar 139,9 millj.kr og áætlun útgjöld 2021 136,9 millj.kr. Arnar nefndi að ÞSV fær óskerta fjárveitingu 2021 vegna FAB-LAB, en launakostnaður verkefnastjóra komi til frá 1. apríl 2021 en hafa ber það í huga að samningurinn sem er til þriggja ára er ekki með verðbótum. Reikna má með að ofangreint vegi hvort annað upp á 3ja ára samningstímabili.

8. mál Whales of Vestmannaeyjar

Dr Filipa Samarra sérfræðingur hjá HÍ og er með starfsstöð hjá ÞSV í Eyjum flutti mjög fróðlegt erindi um vísindarannsóknir sem hún hefur stjórnað undanfarin ár á hvöllum hér við Vestmannaeyjar og rannsóknir tengdar þeim. Erindi Filipu verður að finna á setur.is

9. mál Vestmannaeyjar - Vettvangur sjávarlíftækni á Íslandi

Dr. Hólmfríður Sveinsdóttir, frumkvöðull kom inn á í sínu erindi að hér í Vestmannaeyjum væri kjörinn vettvangur fyrir öflugann sjávarlíftæknivettvang, þar sem hér væru bestu aðstæður þar sem aflamagn væri mikið, þekking og gott svigrúm til að frekari vinnsluáðferða.

Í lok fundar þakkaði Arnar Sigurmundsson form. stjórnar fundarmönnum og þeim sem fluttu erindi fyrir góðan ársfund og fundarstjóra og fundarritara fyrir sín störf og sleit fundi.

Fleira ekki bókað- Fundi slitið 12.35

Ólafur Elísson, fundarstjóri

Hörður Baldvinsson, fundarritari